

svo þér anglýsið það, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, og þar sem þér, herra stiptamtmaður, jafnframt hafið farið þess á leit, að 500 rd. verði útvegaðir á næsta fjárhagsári til kostnaðar við að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum, skal þess getið, að þér megið vænta síðar nákvæmari visbendingar um það mál.

1871.

31. janúar.

11. Bréf dómsmálastjórnarinnar til norður- og austur- amtsins, um verzlun við frakkneska fiskimenn.

31. janúar.

Um leið og amtið sendi hingað með bréfi 14. septbr. f. á. útskript áf prófi, sem haldið hefir verið við lögreglurétt. Sudurmúla-sýslu, en þar hefir hreppstjóri Bjarni Stefánsson sagt svo frá, að frakkneskt fiskiskip, að nafni »Stanislaus« frá »Gravelin«, hafi siglt upp á Norðfjörð, og skipverjár keypt hesta að Landsmönnum. hefir amtið getið þess, að hlutadeiganda sýslumanni hafi verið skipað, að höfða málssókn gegn þeim Íslendingum, sem verzlau hafa við skipverja og haft mök við þá, og stungið uppá, að stjórnarráðið hlutist til um, að hinum frakknesku fiskimönnum verði hegnt fyrir afbrot þeirra gegn lögum 15. apríl 1854, 3. og 4. gr.

Útaf þessu gefst hér með til vitundar, að þar sem aðeins einn maður hefir borið fram vitnisburð um lagabrot þetta, á stjórnarráðið ekki hægt með að gjöra nokkra ráðstöfun til að reka þetta mál að svo komnu, en til þess verður að útvega ítarlegri skýrslur um málavöxtu, og þá sér í lagi um heimili skipsins, sem í útskriptinni er kallað »Gravelin«, en í bréfi sýslumannsins til amtsins er nefnt »Granville«, og um það, hve mikil verzlunin hafi verið, o. s. frv. Að því er snertir málssókn þá, sem kann að vera höfðuð gegn þeim Íslendingum, sem verzlauðu við Frakka, verður stjórnarráðið að mælast til, að amtið taki málssóknina aptur, þaræð bann það, sem áður var, gegn verzlun við útlendinga samkvæmt tilsk. 13. júní 1787, Kap. 1., 7. gr., nú er numið úr gildi með lögum 15. apríl 1854.